



## Work Mentor Haustið 2011 VMA

### Leiðbeiningar og athugasemdir til að hafa með þegar lögð er fyrir könnun um starfsfóstra

Ætlunin er að spurningakönnunin sé frekar einföld þannig að ekki þurfi miklar þýðingar á niðurstöðum, þurfum að skila af okkur niðurstöðum á ensku. Við þurfum að fá svör frá að minnsta kosti **15 vinnuveitendum** í hverju landi – ef hægt er að ná í 20 vinnuveitendur er það ennþá betra.

Iceland – 15	Wales – 15	England – 15	Norway – 15
Holland – 15	Finland – 15	France – 15	Total = 105

Vinsamlega sendið útfylltar kannanir, (þýdd svör) skönnuð inn / PDF skjöl helst öll í einu og helst fyrir jól. Við stefnum að því að halda Skype fund fyrir endaðan nóvember 2011 til að skoða hvernig gengur.

Hér eru nokkur atriði til að hafa í huga áður en við byrjum.

1. Þegar þú velur vinnuveitendur til að spyrja, ákveddu hvernig þú vilt gera þetta. Í síma, í samtali við viðkomandi eða senda sem tölvupóst sem þú vilt fá til baka. Ef hægt er að ræða svörin og spyrja frekar fást líklega betri upplýsingar.
2. Á að fá svör frá yfirmanni eða þeim sem mun verða starfsfóstri eða sér um móttöku byrjenda? Í litlum fyrirtækjum mun yfirmaður líklega verða starfsfóstri en í stærri stofnunum eða fyrirtækjum gæti þurft að skoða betur við hvern er rætt.

<b>Spurning 1</b>	Hér er bara verið að spyrja um það hvaða stuðning eða aðstoð nýliðar fá á vinnustaðnum.
<b>Spurning 2</b>	Hér er mikilvægt að vita um hvaða tíma er verið að tala. Hér er átt við fyrstu vikurnar hjá nýliða en allt tímabil nemanda í starfsnámi.
<b>Spurning 3</b>	Jákvætt svar hér þýðir að vinnustaðurinn hefur starfsfóstra sem sinnir nýliðum / nemendum. Ef svo er viljum við vita hvernig starfsfóstrar eru valdir eða hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla.
<b>Spurning 4</b>	Notað til að sjá hvernig vinnuveitandi túlkar eða skilur starfsfóstrun.
<b>Spurning 5</b>	Til að sjá hvaða takmarkanir á eða tækifæri vinnuveitandi sér í starfsfóstrun.
<b>Spurning 6</b>	Til að vita hvort til eru einhver kerfi um eða reynsla af starfsfóstrun á svæðinu eða í landinu. Vinsamlega tilgreinið umfang námskeiðs í starfsfóstrun eða annarri þjálfun eða fræðslu um það hvernig á að taka við nemendum eða nýliðum.
<b>Spurning 7</b>	Ef svarið er já væri gott að fá afhent gögn um það ferli sem er notað. Á sumum stöðum þarf að skrifa niður ferli sem fylgt er þótt það sé ekki til á blaði og vinnuveitandi er til í að lýsa því.
<b>Spurning 8</b>	Hér þyrfti helst að fá þann sem er starfsfóstri eða sér um nýliðana til að svara. Ekki er víst að yfirmaður gefi eins nytsamleg eða raunveruleg svör.
<b>Spurning 9</b>	Til að fá fram hvað vinnustaðurinn myndi vilja gera. Við þurfum að vear tilbúin að framkvæma fræðslu á annan hátt ef beðið er um það.
<b>Spurning 10</b>	Þessi síðasta spurning er mikilvæg, hér gætu komið ýmis atriði fram, ekki sleppa þessari spurningu.

Vinsamlega skrá niður sem mest af athugasemdum og umræðum sem fylgja því að leggja fyrir könnunina. Allar upplýsingar eru góðar.